

**S A M Þ Y K K T****fyrir Vatnsveitufélag Teigsbæja og Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi  
í Rangárvallasýslu.****1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélag Teigsbæja og Smáratúns. Heimili þess og varnarþing er í Fljótshlíðashreppi, Rangárvallasýslu.

**2. gr.**

Markmið félagsins er að sjá þýlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

**3. gr.**

Stofnendur félagsins eru ábúendur þýlanna: Teigur I, Teigur II, Teigur III og Smáratúns. Hver stofnandi greiði kr. 2000.00 sem stofngjald.

**4. gr.**

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórnin ákveða upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta, afborgana og viðhalds. Vatnsskatt má taka með lögtaki ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagismaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

**5. gr.**

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

**6. gr.**

Félagfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflaga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundi hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

**7. gr.**

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef  $\frac{3}{4}$  félagsmanna sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur hver sem fundarsóknin er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn félagsins og 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

**8. gr.**

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Starf stjórnar og endurskoðenda skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni þegar hún hefur verið samþykkt.

## 9. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

## 10. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Teigsbæja og Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1966.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**S A M Þ Y K K T**

**fyrir Vatnsveitufélag Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots í Fljótshlíðarhreppi.**

## 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

## 3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Grjótár, Arngeirsstaða og Bollakots. Hver stofnandi greiði kr. 1000.00 sem stofngjald.

## 4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lög-mæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiði sem stofngjald kr. 1000.00. Þó getur fé-lagsfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr fé-lagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

## 5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórn ákveða upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, til greiðslu vaxta, afborgana og viðhalds. Vatnsskattur greiðist í hlutfalli við stofngjald hvers aðila. Vatnsskatt má taka með lögtaki ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.